

# RE: Fyrirspurn frá Dalabyggð vegna viðauka við Landsskipulagsstefnu

Birna Björk Árnadóttir <birna@skipulag.is>

Sæll Þórður Már,

Málsmeðferð viðaukans fer skv. skipulagslögum og reglugerð um landsskipulagsstefnu. Ferlið við gerð viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er eftirfarandi og hefur verið uppfært miðað við tafir. Enn er stefnt að því að auglýsa tillöguna nú um mánaðarmótin. Það er hins vegar ekki gott að segja hvenær viðaukinn tekur gildi sem þingsályktun.

- Júlí 2018: Umhverfis- og auðlindaráðherra skilgreinir umfang og áherslur í [bréfi](#) til Skipulagsstofnunar.
- Mars 2019: [Lýsing](#) fyrir gerð viðaukans kynnt opinberlega.
- Maí 2019: [Samantekt](#) um afrakstur samráðs um lýsingu kynnt opinberlega.
- Forsendugreining og undirbúningur stóð yfir frá síðari hluta 2019 fram til miðs 2020.
- Okt. 2019 – ágúst 2020: [Morgunfundaröð](#) um landsskipulagsstefnu.
- Vinnsla tillögu ásamt greinargerð og umhverfismati hefur farið fram 2020, stefnt að auglýsingu í nóv. 2020.
- Að lokinni auglýsingu tekur við 8 vikna kynningartími.
- Að loknum kynningartíma tekur Skipulagsstofnun saman umsögn um framkomnar umsagnir og athugasemdir og skilar til ráðherra.
- Ráðherra tekur tillögur Skipulagsstofnunar ásamt umsögninni til skoðunar og gengur frá tillögu til þingsályktunar að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi ráðuneyti.

Kveðja, Birna Björk Árnadóttir

---

## **Birna Björk Árnadóttir**

Sviðsstjóri, svið aðalskipulags / Division Head, Municipal Planning

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

[birna@skipulag.is](mailto:birna@skipulag.is)

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)